

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 2000.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 1999.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.***Hjördís Halldórsdóttir.***REGLUGERÐ****um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.**

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a, b og c gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.99-30.06.00	48.800	0	202
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		108.800		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.99-30.06.00		0	144
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.99-30.06.00		0	144
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.99-30.06.00		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.99-30.06.00		0	165
0406.9000	Annar ostur	01.07.99-30.06.00		0	161

*Úr tollnúmeri:*

c)	<i>Eggjarauða:</i>				
0408.1900	Önnur, gerilsneydd	01.07.99-30.06.00	ótilgr.	0	195

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2000.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 1999.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.**

*Hjördís Halldórsdóttir.*

27. maí 1999

Nr. 360

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>				
<b>Tollnúmer:</b> <i>vörulíðir 0202 og 0210:</i>		87.400		
0202.3002 Lundir	01.07.99-30.06.00		0	503
0202.3003 Hryggvöðvar	01.07.99-30.06.00		0	503
0202.3004 Vöðvar af læri	01.07.99-30.06.00		0	503
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,</i>				
<b>Tollnúmer:</b> <i>þurrkað eða reykt:</i>				
0210.2001 Beinlaust	01.07.99-30.06.00		0	306
<b>Tollnúmer:</b> <i>Svínakjöt - vörulíðir 0203 og 0210:</i>		58.800		
<b>Tollnúmer:</b> <i>Svínakjöt, fryst:</i>				
0203.2903 Hakkað	01.07.99-30.06.00		0	408
0203.2904 Lundir	01.07.99-30.06.00		0	408
0203.2905 Hryggvöðvar	01.07.99-30.06.00		0	408
0203.2906 Vöðvar af læri	01.07.99-30.06.00		0	408
0203.2909 Annað	01.07.99-30.06.00		0	408
<b>Úr tollnr.:</b> <i>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</i>				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.99-30.06.00		0	292
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.99-30.06.00		0	331
<b>Úr tollnr.:</b>				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.99-30.06.00		0	331